

Fundur 16.9.2024 Katrín Thoroddsen lækni.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Vona ég að ég sé ekki að ónáða að koma of oft, en ég hef sögu að segja og veit ég að margir á gömlu jörðinni minni þar sem þið eruð, eru forvitnir að heyra mína sögu og fylgist ég nokkuð náið með ykkur, eins og mér er unnt, eftir þeim aðferðum sem í boði eru.

Að hlusta í fyrrð tali og varpa upp á skjái, því sem þið upplifið, eða verða draumþegar ykkar, í vöku ykkar og meðan við sofum og reyna að skrásetja það.

Veit ég vel að ég hafði mikil áhrif á ykkar landi og ábyrgð mín er mikil og hef ég sagt sögu mína að nokkru leiti.

*Ert þú Katrín ?*

Já ég heiti Thoroddsen.

*Já velkomin.*

Þakka þér fyrir.

*Það er alltaf gaman að heyra í þér, þú þarft ekkert að vera feimin við að koma.*

Já þakka ég fyrir.

Og já þið hafið skilið þetta vel og finnst mér það gott að fá áheyrn, þar sem vísindalegt hugarfar er og þið fáið reglulega fréttir af mér og eru þær mjög góðar að þessu sinni.

Þrátt fyrir það sem varð mér til örðugleika í framlífi mínu, þá stefnir nú margt til betri áttar og er það að vísu sjúkdómur nokkur sem ég hef ekki losnað við, sem mun vera tilkomin vegna þess sem kristnir kalla syndina, sem er samkynhneigðin og andstaðan við að börn séu deydd.

Og engu að síður hefur líðan mín batnað og ég er hætt að sinna þeim erfiðu verkefnum sem voru allt að því vonlaust að sinna, því fólkið sem hér er stadd og hef farið út í það. Og er hér komin með eiginmann og mun barn einnig vera væntanlegt.

*Til hamingju með það.*

Og þakka ég fyrir kærlega.

Og má þá segja að ég sé komin í fullan hring í aðstöðu við fyrra líferni mitt og veit ég að það er mjög til bóta fyrir framlíf mitt.

Og væri einnig gaman að segja frá þeim verkefnum sem ég hef hér unnið fyrir fólkið sem býr á þessari jörð og er af ýmsum tegundum.

Hef ég hér aftur tekið til við það að stunda ljósmóður störf og almenn lækningar störf, og hef ég fundið jákvæða strauma til mín út af því.

Og á ég nokkur systkini og hefur samband mitt við þau batnað og þykir mér það því dýrmætt að tala við þau í þessum stjörnusambandsstöðvum, því ekki eru þau öll stödd á sama hnetti og ég.

Skynja ég það að frænka mín er ekki lengur forsætisráðherra hjá ykkur og óska ég henni alls góðs í hennar nýja starfi.

Og eru ýmsir ættingjar mínir þarna hjá ykkur og þeim finnst kannski furðulegt að ég segi þessa sögu, þar sem þeim finnst það kannski hafa verið nauðsynlegt að vinna að, að leyfa fóstureyðingar.

En það er, ég er enn þá viss um að til eru tilfelli þar sem það er nauðsynlegt, en ekki að það sé of mikið af því, eins og án efa hefur orðið hjá ykkur víða um lönd.

Og finnst mér það mjög sorglegt að áhrif mín hafi ekki verið nógu jákvæð og reyni að bæta fyrir það.

Hann talaði við mig hér hann frændi minn hann Þorvaldur og þótti mér mjög vænt um það, að fá kveðjuna frá honum og þakka ég fyrir það.

Og hann var nú að gantast við mig og veit ég að hann hefur einnig gagnrýnt mig, en það er nú vonandi allt að batna, okkar samskipti.

Og fæ ég von til þess að framlíf mitt verði allt á betri veg og fer ég hér að reskjast, en þakka ég fyrir mig og mun ég kannski koma síðar.

Er hér allt á réttri braut hjá mér, verið þið sæl.

*Já vertu blessuð og þakka þér fyrir komuna og þú ert alltaf velkomin.*

Já takk fyrir.